

Gjaldskrá fyrir iðjuþjálfun 1. júlí 2018

skv. reglugerð nr.

| | Sjúkratryggðir almennt (90%) | Aldraðir og öryrkjar (60%) | Börn 0 -18 ára |
|---|---------------------------------|-------------------------------|----------------|
| Iðjuþjálfun á stofu, heimameðferð og þung meðferð* | 6.100 kr. | 4.067 kr. | 0 |
| Viðbót vegna skoðunar | 6.591 kr. | 4.394 kr. | 0 |
| Einföld meðferð ** / Hópmeðferð I *** | 4.213 kr. | 2.809 kr. | 0 |
| Hópmeðferð II **** | 2.817 kr. | 1.878 kr. | 0 |

*Þung meðferð: Átt er við meðferð sjúklinga með útbreidd eða flókin vandamál sem eru mun umfangsmeiri en í almennri meðferð. Þetta á við um einstaklinga sem eru með miklar og útbreiddar hreyfiskerðingar og eru verulega háðir aðstoð við hreyfingar og flestar athafnir í daglegu lífi. Til dæmis mikið andlega- eða líkamlega fatlaða einstaklinga, einstaklinga með fjölværka sem valda verulegri hreyfi- og færniskerðingu og þá sem orðið hafa fyrir skaða á miðtaugakerfi sem veldur útbreiddri hreyfi- og færniskerðingu.

** Einföld meðferð: Notuð er ein tegund meðferðarforms þar sem leitast er við að beita gagnreyndri vitneskju á aðferðum innan iðjuþjálfunar. Gildir einnig fyrir börn yngri en 12 ára

*** Hópmeðferð I: Tveir til fjórir einstaklingar, með svipuð vandamál eða sömu sjúkdómsgreiningu eru í þjálfun samtímis og skal iðjuþjálfari vera með þeim allan tímann.

**** Hópmeðferð II: Fimm eða fleiri einstaklingar, með svipuð vandamál eða sömu sjúkdómsgreiningu en þó aldrei fleiri en 10, eru í þjálfun samtímis og skal iðjuþjálfari vera með þeim allan tímann.

ATH: Einföld meðferð og hópmeðferð telst sem hálf meðferð af heimild

Sjúkratryggðir almennt greiða 90% af heildargjaldi gegn framvísun beiðni um iðjuþjálfun. Í almanaksmánuði greiðir sjúkratryggður að hámarki 26.100 kr. fyrir heilbrigðisþjónustu, en í hverjum mánuði að lágmarki 4.350 kr.

Aldraðir og öryrkjar greiða 60% af heildargjaldi gegn framvísun beiðni um iðjuþjálfun. Í almanaksmánuði greiða aldraðir og öryrkjar að hámarki 17.400 kr. fyrir heilbrigðisþjónustu en að lágmarki 2.900 kr.

Börn 0-18 ára greiða ekkert gjald fyrir iðjuþjálfun gegn framvísun beiðni um iðjuþjálfun, annars greiða þau 30% af heildargjaldi.

Börn með sama fjölskyldunúmer teljast sem einn einstaklingur og greiða börn sömu fjölskyldu kr. 17.100 fyrir heilbrigðisþjónustu að hámarki í hverjum almanaksmánuði og kr.2.900 að lágmarki.